

Föstudaginn 19. janúar 1962.

Nr. 12/1960. **Þorsteinn Guðmundsson**  
 (Einar Ásmundsson hrl.)  
 gegn  
**Eiríki Eyleifssyni,**  
**dánarbúi Guðjóns Eyleifssonar og**  
**dánarbúi Metúsalems Jónssonar**  
 (Vilhjálmur Jónsson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómaramanir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-  
 son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor  
 Ármann Snævarr.

Um beitarafnot á eignarnumdu landi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1960. Eru kröfur hans þær, að í aðalsök í héraði verði stefndu dæmt að greiða honum kr. 155.714.45 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. febrúar 1958 til greiðsludags, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í gagnsök í héraði og að stefndu verði gert að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Þegar Þorsteinn Guðmundsson, áfrýjandi máls þessa, seldi þeim Guðjóni Eyleifssyni, Metúsalem Jónssyni og Eiríki Eyleifssyni tilteknar eignir á Stafnesi með afsalsbréfi, dags. 5. október 1945, undanskildi hann sölunni berum orðum landspildu þá, „sem á sinum tíma var tekin úr eigninni af hernaðarástæðum undir flugvöll o. fl.“. Á þeirri landspildu er beitarréttur sá, sem stefndu telja hafa fylgt í kaupunum, en áfrýjandi kveður vera undanskilinn þeim eins og aðrar eignarheimildir á landspildunni. Samkvæmt gögnum málsins nær hinn umdeildi beitarréttur hvergi út fyrir greinda eignarnámsspildu.

Svo sem afsalsbréfið ber með sér, seldi áfrýjandi ekki jörð sína Stafnes I í heild, heldur aðeins sérstaklega tilgreinda hluta hennar, þ. e. í fyrsta lagi land nefndrar jarðar „utan-túns“, skipt og óskipt, ásamt girðingum, að undantekinni framangreindri eignarnámsspildu, í öðru lagi sjávarrekaréttindi áfrýjanda á jörðinni og í þriðja lagi húseignir hans á Stafnesi, sem seldar voru Guðjóni Eyleifssyni sér í lagi. Beitarréttar á eignarnámsspildunni er ekki getið meðal hinna seldu eigna, og hefur stefndu ekki tekizt að sanna, að þeir hafi með afsalsbréfi eða á annan hátt orðið eigendur að honum.

Áfrýjandi stóð ásamt öðrum eigendum Stafnestorfunnar að samningi þeim, dags. 25. nóvember 1955, er utanrikisráðherra fyrir hönd ríkisins tók við beitarafnotum á Miðnes-jörðum, þar á meðal á oftnefndri eignarnámsspildu, gegn leigugjaldi, sem gerðardómur ákvað síðar, eins og ráð var gert fyrir í samningnum. Eru fjárhæðir þær, sem um er deilt í málinu, hluti af leigugjaldi, sem þannig er til komið, eins og nánar getur í héraðsdómi.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir áfrýjandi eiga rétt til leigugjalds að sínum hluta fyrir beitarafnot á eignarnámsspildunni. Ber því að taka til greina kröfur hans, sem þar að lúta. Eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður bæði í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

#### Dómsorð:

Í aðalsök í héraði greiði stefndu, Eiríkur Eyleifsson, dánarbú Guðjóns Eyleifssonar og dánarbú Metúsalems Jónssonar, áfrýjanda, Þorsteini Guðmundssyni, kr. 155.714.45 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. febrúar 1958 til greiðsludags.

Í gagnsök í héraði á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum stefndu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## S é r a t k v æ ð i

## Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Með bréfi Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 27. apríl 1944 var m. a. kveðið á um eignarnám lands úr Stafnestorfunni, þ. e. sameiginlegu landi Stafness I, II og III, Nýlendu, Bala og Glaumbæjar, vegna flugvallar. Land þetta er 1916 ha að stærð. Skyldi nokkur hluti þess vera algert bannsvæði, en landeigendur hafa „óskert beitarafnot“ af hinum hluta landsins, sem reyndist vera 1677,7 ha. Land þetta var hrjóstugt heiðarland, en þar var samt sæmileg sauðbeit vor, sumar og haust, en heldur rýr vetrararbeit. Beit fyrir nautgripi var þarna allt að því engin. Ráðuneytið hugðist komast hjá því að greiða jarðeigendum bætur fyrir búfjárskerðingu með því að láta þá halda beitarafnotunum.

Á nefndum tíma var áfrýjandi eigandi Stafness I, sem er einn fjórði hluti Stafnestorfunnar. Hann afsalaði hinn 5. október 1945 sameigendum sínum í Stafnestorfunni, þeim Guðjóni Eyleifssyni og Metúsalem Jónssyni á Stafnesi og Eiriki Eyleifssyni, Nýlendu, landi sínu utan túns, og skyldu kaupendur njóta „allra afnota og réttinda hinnar seldu eignar“ frá afsalsdegi „og greiða frá sama tíma allar skyldur og skatta af“ henni. Undan skilin kaupunum var þó landspilda sú, „sem á sínum tíma var tekin úr eigninni af hernaðar-ástandum undir flugvöll o. fl.“. Eftir að áfrýjandi hafði selt land sitt, hætti hann búskap þar suður og fluttist til Reykjavíkur, en kaupendur tóku til búskapar á Stafnesi I, sem þeir eignuðust.

Undirmat og yfirmat fóru fram á löndum þeim, sem tekin voru eignarnámi vegna Keflavíkurflugvallar. Lauk yfirmati hinn 12. janúar 1948, og veittu eignarnámsþolendur, þ. á m. áfrýjandi, eignarnámsbótum viðtöku í september 1948.

Kaupendur Stafness I hagnýttu beitarafnotin á hinn eignarnámdu landspildu frá afsalsdegi og þar til 1. ágúst 1951, en þá voru þeim meinuð afnotin vegna framkvæmda varnarliðsins. Hinn 25. nóvember 1955 tókust samningar um, að

rikissjóður greiddi jarðeigendum árlega bætur vegna missis beitarafnotanna samkvæmt úrskurði gerðardóms. Skyldu bætur þær, sem gerðardómurinn kvæði á um, greiddast fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1951 til ársloka 1957. Gerðardómurinn kvað upp gerð sína 26. maí 1957 og ákvað heildarbætur til Stafnestorfunnar kr. 93.000.00 á ári. Hinn 11. febrúar 1958 veitti lögmaður stefndu viðtöku vegna Stafness einum fjórða hluta bótanna ásamt vöxtum fyrir tímabilið 1. ágúst 1951 til ársloka 1957, kr. 155.714.45. Samkvæmt gerðardómssamningnum skyldu ákvæði gerðardómsins gilda áfram um fimm ár frá ársbyrjun 1958, ef eigi væri krafizt endurmats. Slíks mats var eigi óskað, og hinn 13. marz 1958 veitti lögmaður áfrýjanda viðtöku bótum vegna Stafness I fyrir árið 1958, sem að frádregnum kostnaði nemur kr. 21.111.60. Er deilt um fjárhæðir þessar í málinu.

Beitarafnot þau, sem í máli þessu greinir, urðu, eins og þeim og allri afstöðu var háttað, einungis hagnýtt af ábúendum þeirra jarða, sem að hinni eignarnumdu landspildu liggja, einkum stefndu. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið lét jarðeigendurna upphaflega halda beitarafnotunum til að afstýra því, að eignarnámsbætur hækkuðu vegna fyrirsjáanlegrar búfjárskerðingar ábúenda af völdum örtraðar og búsisfja. Bætur þær, sem gerðardómurinn ákvað og virðast mjög háar, eru augsýnilega miðaðar við örtröð og búsisfjar, er jarðeigendur verða fyrir. En áfrýjandi varð eigi fyrir örtröð og búsisfjum vegna niðurfellingar á beitarafnotunum, þar sem hann hafði selt jörð sína, hætt búskap og flutzt til Reykjavíkur, áður en beitarafnotin voru aftekin. Í samræmi við þetta mótmælti hann því á engan hátt, að kaupendur Stafness I hagnýttu beitarafnotin til 1. ágúst 1951, og styrkti hann kaupendur með þeirri háttsemi sinni í þeirri trú, að þeir mættu hafa bústofn á Stafnesi I, er svaraði til beitarafnotanna. Niðurfall beitarafnotanna hefur því eigi, svo sannað sé, valdið áfrýjanda tjóni, en hins vegar má með hliðsjón af atvikum málsins og forsendum gerðardómsins ætla, að það hafi valdið kaupendum Stafness I örtröð og óþægilegum búsisfjum. Afsal áfrýjanda frá 5. október 1945 lætur beitarafnotanna að engu

getið. Orðalag afsalsins um hina eignarnumdu landspildu verður að skýra með hliðsjón af aðdraganda afsalsins, eftirfarandi hegðun áfrýjanda, atvikum málsins, skýringarreglum samninga og lögrökum. Öll þessi atriði leiða til þess, að bæt-ur þær, er í hlut Stafness I falla vegna niðurfellingar beitarafnotanna, skuli renna til stefndu, en eigi til áfrýjanda, sem eigi hefur orðið fyrir örtröð og óþægilegum búsigjum vegna aftöku nefndra beitarafnota.

Samkvæmt framanrituðu og öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Guðmundsson, greiði stefndu, Eiriki Eyleifssyni, dánarbúi Guðjóns Eyleifssonar og dánarbúi Metúsalems Jónssonar, málskostnað í Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. f. m. hefur Þorsteinn Guðmundsson, Hverfisgötu 108 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 9. september 1958, gegn Vilhjálmi Jónssyni hæstaréttarlögmanni hér í bænum fyrir hönd Eiríks Eyleifssonar, Nýlendu á Stafnesi í Miðneshreppi, dánarbús Guðjóns Eyleifssonar, fyrrum að Stafnesi í sama hreppi, og dánarbús Metúsalems Jónssonar, fyrrum á sama stað, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 155.714.45, auk 7% ársvaxta frá 11. febrúar 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi hefur fyrir hönd umbjóðenda sinna krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Þá hefur hinn stefndi hæstaréttarlögmaður fyrir hönd allra áður-nefndra umbjóðenda sinna gagnstefnt aðalstefnanda með utanréttarstefnu, dags. 19. sept. 1958, til greiðslu á kr. 21.111.60 auk 6% ársvaxta frá 13. marz 1958 til greiðsludags og málskostnaðar í gagnsök eftir mati dómarsins.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar úr hendi hans vegna umbjóðenda sinna eftir mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að hinn 27. apríl 1944 ritaði Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og beiddist þess, að dómkvaddir yrðu tveir virðingarmenn til þess að meta andvirði tilgreindra landsvæða á Reykjanesi, samtals að stærð 9208,4 ha., sem taka skyldi eignarnámi til flugvallargerðar samkvæmt lögum nr. 20 frá 1941, svo og til að kveða á um fébætur til handa eigendum og umráðamönnum landsvæða þessara vegna skerðingar á hagnýtingu landanna frá þeim tíma, er setulið Bandaríkjanna hafði tekið þau til afnota. Í umræddu bréfi var tekið fram, að eignarnámsþolar skyldu halda óskertum beitarafnotum á nánar tilteknum lendum á uppdrætti, sem bréfinu fylgdi, svo og halda rekarétti, þar sem matslöndin takmörkuðust af sjó.

Hinn 3. maí 1944 voru tveir menn dómkvaddir til að meta bætur fyrir hin eignarnumdu landsvæði, og luku þeir matinu 20. febrúar 1946. Hvorki matsbeiðandi né matsþolar vildu una mati þessu, og var matinu því skotið til yfirmats, og yfirmatsmenn dómkvaddir 19. marz 1946. Kváðu þeir upp yfirvirðingargerð hinn 12. janúar 1948.

Meðal jarða þeirra, sem land var tekið af með umræddu eignarnámi, var Stafnes í Miðneshreppi. Var þar um að ræða óskipt land jarðanna Stafness I, II og III og Nýlendu, Bala og Glaumbæjar. Samkvæmt yfirvirðingargerðinni var hið eignarnumda land þessarar torfu talið 1916 ha. Var nokkur hluti landsins algert bannsvæði, en landeigendur héldu beitarafnotum á rúmum 1670 ha.

Með afsalsbréfi, dags. 5. október 1945, afsalaði stefnandi til Eiríks Eyleifssonar, Guðjóns Eyleifssonar og Metúsalems Jónssonar fjórðungi sínum af Stafnestorfunni, þ. e. Stafnesi I. Samkvæmt endurríti af afsalsbréfinu, er lagt hefur verið fram í málinu, segir þar m. a. svo:

„Ég hér undirskrifaður, Þorsteinn Guðmundsson, gjöri með bréfi þessu kunnugt, að ég í dag sel og afsala frá mér og mínum erfingjum landi mínu utan túns, skiptu og óskiptu, girtu og ógirtu, ásamt girðingum, sem nú eru, sem ég á sem fyrrverandi eigandi Stafness I, að undantekinni landspildu þeirri, sem á sínum tíma var tekin úr eigninni af hernaðarástæðum undir flugvöll o. fl. Einnig sel ég og afsala sjávarrekaréttindum mínum þeim herrum Guð-

jóni Eyleifssyni og Metúsalem Jónssyni á Stafnesi og Eiríki Eyleifssyni í Nýlendu, öllum í Gullbringusýslu.

Landspilda þessi selst í því ástandi, sem hún nú er í, og hafa kaupendur kynnt sér það.

Verð hinnar seldu eignar er kr. 9500.00, — níu þúsund og fimm hundruð krónur . . .

Kaupendur njóta frá því í dag allra afnota og réttinda hinnar seldu eignar og greiða frá sama tíma allar skyldur og skatta af þeim . . .“

Beitarréttindi á áðurgreindum hluta hins eignarnumda lands héldust þar til 1. ágúst 1951, en þá voru jarðeigendum meinuð afnot landsins vegna framkvæmda varnarliðsins á Reykjanesskaganum. En með samningi, dags. 25. nóv. 1955, milli eigenda og umráðamanna jarða þeirra, sem land hafði verið tekið af með eignarnámi, annars vegar og varnarmáladeildar Utanríkisráðuneytisins hins vegar var svo um samið, að ríkissjóður skyldi greiða árlegt gjald fyrir missi beitaraftotanna, er ákveðið yrði af gerðardómi. Skyldi gjald það, er gerðardómurinn gerði í upphafi, haldast til ársloka 1957 og síðan óbreytt í fimm ár, ef ekki væri óskað endurmats. Gerðardómur var síðan skipaður, og lauk hann upp gerð sinni 26. maí 1957. Samkvæmt gerðinni voru bætur til eigenda Stafnestorfunnar í heild ákveðnar kr. 93.000.00 á ári, eða kr. 596.750.00 fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1951 til 31. desember 1957. Var lögmanni landeigenda greitt fé þetta auk áfallinna vaxta, kr. 26.107.82, eða samtals kr. 622.857.82. Þar fjórðung fjár þessa undir Stafnes I, þar sem sú jörð er talin vera fjórði hluti allrar Stafnestorfunnar. Var lögmanni aðalstefndu fyrir hönd umbjóðenda sinna greiddur fjárhlutur þessi, eða kr. 155.714.45, hinn 11. febrúar 1958, en aðalstefnandi telur sig eiga rétt til fjár þessa, og er því aðalsökin höfðuð til heimtu þess.

Árið 1958 hélzt enn óbreytt árgjaldið fyrir missi beitaraftotanna, eða kr. 93.000.00, vegna Stafnestorfunnar. Hinn 13. marz 1958 veitti lögmaður stefnanda fé þessu viðtöku. Gagnstefnendur telja sig sem eigendur Stafness I eiga rétt til fjórðungs fjárins og hafa höfðað gagnsökina til heimtu þess, og nemur það að frá-dregnum ýmsum kostnaði, sem enginn ágreiningur er um, hinni umstefndu fjárhæð í gagnsök, eða kr. 21.111.60.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök og gagnsök á því, að við söluna á Stafnesi I hafi beitarrétturinn á hinu eignarnumda landssvæði ekki fylgt með til kaupenda. Telur hann sig hafa undanþegið beitarréttinn sölunni með þeim fyrirvara í afsalsbréfinu

að taka undan landspildu þá, sem á sínum tíma hafði verið tekin úr eigninni undir flugvöll o. fl. Af þessum ástæðum eigi að renna til hans allt endurgjald fyrir afnám beitaraftota á landi tilheyrandi Stafnesi I, en endurgjald þetta fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1951 til 31. desember 1957 hafi verið greitt lögmanni kaupenda af misgáningi.

Lögmaður kaupenda, sem er aðalstefndi og gagnstefnandi fyrir þeirra hönd, reisir hins vegar kröfur sínar í aðalsök og gagnsök á því, að umræddur beitarréttur hafi fylgt með til þeirra við kaupin. Á beitarréttinn hafi ekki verið minnst í afsalinu, heldur sé þar tekið fram, að kaupendur njóti frá afsalsdegi allra aftota og réttinda hinnar seldu eignar og greiði frá sama tíma alla skatta og skyldur af henni. Telur lögmaðurinn, að það geti ekki farið milli mála, að beitarréttur falli undir „aftot og réttindi“ jarðar, og hafi því kaupendur Stafnesi I orðið eigendur þessara réttinda. Þeir hafi einnig hagnýtt sér beitarréttinn allt frá afsalsdegi og þar til 1. ágúst 1951, að þeim hafi verið meinuð aftotin, eða í um það bil 5 ár og 9 mánuði. Aðalstefnandi hafi heldur ekki á þessu tímabili gert kröfu til leigu eftir beitarréttinn. Það sé fyrst eftir að endurgjald fyrir sviptingu beitarréttarins hafi verið greitt af hendi, að hann gefi til kynna, að hann telji sig rétthafa. Þetta aðgerðarleysi aðalstefnanda sýni og sanni, að aðalstefnandi hafi ekki talið sig eiga neinn rétt í umræddu efni, fyrr en honum hafi orðið kunnugt um, að allmikil fjárhæð hafði verið greidd fyrir afnám beitarréttarins.

Þá bendir lögmaður kaupenda á, að aðalstefnandi hafi flutt til Reykjavíkur, þegar eftir söluna á Stafnesi I, og telur hann, að tómtúsmaður í Reykjavík geti ekki átt sjálfstæðan beitarrétt, nema slíkur réttur fylgi jörð.

Loks bendir lögmaðurinn á, að samkvæmt gerðardómnum um endurgjald fyrir missi beitaraftotanna (dskj. 5) sé það miðað við tjón jarðeigenda, en allur grundvöllur væri fallinn undan skyldu til bótagreiðslu, ef beitarrétturinn væri sérstök eign tómtúsmanns, enda hafi og aðalstefnandi ekki orðið fyrir neinu tjóni, þegar meinuð voru beitaraftotin hinn 1. ágúst 1951.

Aðalstefnandi hefur mótmælt framangreindum málsástæðum lögmanns kaupenda.

Aðalstefnandi hefur komið fyrir dóm svo og aðilinn Eiríkur og Sigurbjörn, sonur Metúsalems Jónssonar, en hann mun að einhverju leyti hafa aðstoðað föður sinn við kaupin. Þeir Metúsalem og Guðjón eru báðir dánir.

Í skýrslum nefndra manna kemur fram, að ekki mun hafa verið minnzt sérstaklega á hinn umdeilda beitarrétt við kaupin.

Aðalstefnandi kveður, að það hafi ekki verið ætlun sín að láta beitarréttindin fylgja í sölunni, en hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvort beitarrétturinn fengi að haldast áfram um óákveðinn tíma. Hann segist hafa sett klausuna „að undantekinni landspildu þeirri, sem á sínum tíma var tekin úr eigninni undir flugvöll o. fl.“ í afsalið í því skyni að fyrirbyggja það, að svo yrði litið á, að hann hefði selt fleirum sama landið. Loks fullyrðir aðalstefnandi, að það hafi verið skýrt tekið fram af öllum aðiljum og um það enginn misskilningur, að undan þegar væru sölunni hvers konar bætur, sem greiðast kynnu fyrir hið eignarnumda land og réttindi yfir því eða í sambandi við það.

Þeir Sigurbjörn og Eiríkur fullyrða, að þegar ákveðið hafði verið að undanskilja beitarréttinn eignarnámi, þá hafi allir talið, að beitarrétturinn myndi fylgja jörðunum í framtíðinni og ekki verða frá þeim tekinn.

Þá kveðst Sigurbjörn hafa verið viðstaddur, er gengið var á landið vegna kaupanna. Hafi hann þá heyrt aðalstefnanda segja, að undanskildar við söluna væru aðeins bætur samkvæmt mati því, er þá stóð yfir, en öll önnur réttindi og hlunnindi fylgdu jörðinni við söluna, og ef minna yrði tekið eignarnámi en þá var ætlað, félli það land til kaupenda.

Loks skýrði Eiríkur svo frá, að það, sem þeir Metúsalem og Guðjón hafi sagt honum, sé í samræmi við það, sem hér að framman er haft eftir Sigurbirni.

Standa þannig staðhæfingar gegn staðhæfingum um veigamikil atriði. Hins vegar eru þeir aðalstefnandi og Sigurbjörn sam mála um það, að þegar kaupin gerðust, hafi aðiljar ekki búizt við því, að fjár væri að vænta út á beitarréttinn.

Áður er fram komið, að þegar umrædd kaup fóru fram, hafði þegar verið ákveðið, að beitarréttur skyldi haldast á nokkrum hluta þess landsvæðis, sem tekið var af Stafnesi I með eignarnámi. Í áðurgreindu afsalsbréfi aðalstefnanda er ekki á þennan beitarrétt minnzt, en þar tekið berum orðum fram, að kaupendur njóti frá afsalsdegi allra afnota og réttinda hinnar seldu eignar. Þá hefur ekki annað komið fram en Stafnes I teljist enn jörð eða býli þrátt fyrir skeringu lands þess við eignarnámið.

Að þessu athuguðu og þar sem aðalstefnandi undanskildi ekki beitarréttinn við söluna, þykir eðlilegast að líta svo á, að beitarrétturinn hafi fylgt jörðinni áfram og því orðið eign kaupenda

með fyrrgreindu afsali til þeirra fyrir Stafnesi I. En af þessu leiðir annars vegar, að í aðalsök ber að sýkna aðalstefnda fyrir hönd umbjóðenda sinna af kröfum aðalstefnanda og hins vegar, að í gagnsök ber að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda vegna umbjóðenda sinna hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Í aðalsök á aðalstefndi, Vilhjálmur Jónsson f. h. Eiríks Eyleifssonar, dánarbús Guðjóns Eyleifssonar og dánarbús Metúsalems Jónssonar, að vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Þorsteins Guðmundssonar.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda, Vilhjálmi Jónssyni vegna nefndra umbjóðenda sinna, kr. 21.111.60 með 6% ársvöxtum frá 13. marz 1958 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

---

Mánudaginn 22. janúar 1962.

Nr. 101/1961. **Björn Jóhannsson** (Hörður Ólafsson hdl.)

gegn

**Sameinaða gufuskipafélaginu**

(Jón Skaftason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramarnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1961 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 82.797.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum